



2. apríl 2024

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 139. mál á 154. löggjafarþingi**

*Persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga (fjárhagsupplýsingar um einstaklinga)*

Meðal viðfangsefna Hagsmunasamtaka heimilanna eru málefni neytenda varðandi vinnslu og notkun fjárhagsupplýsingastofu á persónuupplýsingum þeirra. Aðeins eitt fyrirtæki hér á landi stundar slíka starfsemi og hefur þannig einokunarstöðu á því sviði, en með ofangreindu frumvarpi er í raun lagt til að sú starfsemi verði bönnuð. Vegna margvíslegra og ítrekaðra brota gegn þeim reglum sem gilda um starfsemina, eru samtökin fylgjandi því að umrætt fyrirtæki verði svipt leyfi til að stunda hana.

Að þessu sögðu er samt óhjákvæmilegt að eitthvað komi í staðinn, ekki síst svo hægt verði að uppfylla lögbundnar kröfur um lánshæfismat í tengslum við lánveitingar til neytenda. Meðal þeirra hugmynda sem hafa komið fram til þess að tryggja áreiðanlegt lánshæfismat er að komið verði á fót miðlægum opinberum skuldagrunni, þar sem lánveitendur ættu að skrá öll lán til neytenda og gætu jafnframt skráð upplýsingar um vanefndir lánessamninga. Upplýsingum úr slíkum grunni væri óheimilt að miðla til annarra en neytendanna sjálfra, en tölfraðilegum upplýsingum með öðrum auðkennum afmáðum gæti neytandi alltaf samþykkt að miðla til lánveitanda í tengslum við lánsúmsókn. Þannig væri það neytandinn sjálfur sem hefði fulla stjórn á notkun viðkomandi upplýsinga og væri þá jafnframt betur í stakk búinn til þess að taka upplýstar ákvarðanir um miðlun þeirra og notkun.

Opinber skuldagrunnur hefði ýmsa kosti í för með sér fyrir neytendur. Í fyrsta lagi myndi hann falla undir stjórnarsýslulög og þannig tryggja meðalhóf, leiðbeiningar- og rannsóknarskyldu, andmælarétt, rétt til rökstuðnings og endurskoðunar ákvarðana o.s.frv. Í öðru lagi gæti vefaðgangur að grunninum veitt neytendum mikilvægt verkfæri til að hafa yfirsýn yfir fjárhagslega stöðu sínu og skuldbindingar, sem myndi stuðla að betri ákvarðanatöku og fjármálahegðun. Lánveitendur gætu jafnframt treyst því lánshæfismati sem væri reiknað út frá grunninum og tekið skynsamlegar ákvarðanir um lánveitingar. Enn fremur gætu eftirlitsstofnanir nýtt sér heildartölfræði úr grunninum til að hafa mun betri yfirsýn yfir lánamarkað neytenda í heild og bregðast við ef hann þróast á varhugaverðar slóðir. Við mótun á reglum um þessi málefni er viðtækt samráð við alla hagsmunaaðila grundvallaratriði.

- 0 -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is